

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um tímabundið bann við námuvinnslu á hafsbotni.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hefur ráðuneytið tekið afstöðu til þess hvort það telji rétt að Ísland taki virkari þátt í starfsemi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar frá því að ráðherra svaraði fyrirspurn á þskj. 679? Hyggst ráðuneytið senda fulltrúa á ársfund stofnunarinnar nú í sumar?
- Kemur til álita að Ísland taki afstöðu með hugmyndum um tímabundið bann við námuvinnslu á hafsbotni á vettvangi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar, óháð því hvort fulltrúar Íslands mæti á fundi hennar, og skipi sér þar með í hóp með Norðurlöndum að Noregi undanskildum?

Skriflegt svar óskast.